



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

16. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu að Borg þann 16. nóvember 2023 klukkan 18:40.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Gestir undir fyrsta lið voru Guðný Helgadóttir og Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri.

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Vinna og greiðslur vegna 17. júní

Guðný Helgadóttir og Iða Marsibil Jónsdóttir voru gestir undir þessum lið.

Rætt var um aðkomu starfsmanna hreppsins að hátíðarhöldunum á 17. júní og greiðslur til nefndarmanna vegna vinnu við hátíðarhöldin. Greitt er fyrir 4 fundi fyrir vinnuna við 17. júní.

Fram kom að ef að aftur eru tvær stórar hátíðir með stuttu millibili eins og afmælið og 17. Júní þá væri gott að stofna starfshóp til að sjá um afmælið.

Nefndin mun taka saman viðmiðunarreglur fyrir vinnu við stóra viðburði eins og 17. Júní og senda á sveitastjóra.

Rætt um að næsti 17. júní verði haldinn að Borg. Einnig hvort að það eigi að vera hoppukastali. Fara þarf vel í öll öryggismál ef svo verður.

Hugmyndir um að gera mikið úr Grímsævintýrum/Borg í sveit, gera hverfahátíð með litagötum, götugrilli, söngur og skemmtun í verðandi bálskýli í yndisskóginum.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2. Þjónustudagatal 2024

Rætt um þau tilboð sem komin eru vegna prentunar á dagatalinu. Hagstæðast frá Litróf, 198.900 + vsk. Fyrir 2000 eintök, 32 síður, A5, lit, heftað og gat í miðjunni.

Reiknað er með allt að 70 litlum auglýsingareitum

Ákveðið að hafa verðið á auglýsingum eftirfarandi:

7.500 fyrir lítinn reit

10% fyrir 3 auglýsingar

25% fyrir 6 auglýsingar

40% fyrir 12 auglýsingar

Sami afsláttur gildir um stærð og fjölda auglýsinga, t.d. ef þú kaupir auglýsingu sem er eins og 3 litlir dálkar að stærð færðu 10% afslátt eða 3x7500 mínus 10% og svo framvegis.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:10